

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Mið-Afríkulyðveldið.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a) ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b) ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c) ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins, framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr. Gerðirnar, ásamt viðaukum, eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa:

- Fylgiskjal 1: Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulyðveldinu.
- Fylgiskjal 2: Ákvörðun ráðsins 2014/125/SSUÖ frá 10. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulyðveldinu.
- Fylgiskjal 3: Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2014/382/SSUÖ frá 23. júní 2014 um framkvæmd ákvörðunar 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulyðveldinu.
- Fylgiskjal 4: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 224/2014 frá 10. mars 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulyðveldinu.
- Fylgiskjal 5: Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 691/2014 frá 23. júní 2014 um framkvæmd 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 224/2014 frá 10. mars 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulyðveldinu.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yferráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yferráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á;
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda;
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á;

- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005;
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á;
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaraðgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa, en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 18. júlí 2014.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Einar Gunnarsson.

Fylgiskjal 1.

**Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ
frá 23. desember 2013
um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulýðveldinu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 16. desember 2013 lýsti ráðið yfir þungum áhyggjum sínum af ástandinu í Mið-Afríkulýðveldinu.
- 2) Hinn 5. desember 2013 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun 2127 (2013) um vopnasölubann gegn Mið-Afríkulýðveldinu.
- 3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hringa tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í fyrrnefnd tól og tæki, til Mið-Afríkulýðveldisins eða að það sé gert frá yferráðasvæðum aðildarríkja eða að skip eða loftför undir fána þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefnd tæki og tól eru upprunnin á yferráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu og aðra þjónustu – þ.m.t. að útvega vopnaða málaliða – sem tengist herstarfsemi og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í fyrrnefnd tól og tæki, með beinum eða óbeinum hætti til handa einstaklingum, lögaðilum, rekstrar-einingum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Mið-Afríkulýðveldinu,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t., einkum og sér í lagi styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, sem og tryggingar og endurtryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tækniþjónustu, miðlunarþjónustu og aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti til aðila, rekstrareininga eða stofnana í, eða til notkunar í, Mið-Afríkulýðveldinu,
- c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn er um getur í a- eða b-lið eru sniðgengin.

2. gr.

1. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:

- a) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vopnum og tengdum hergögnum sem eingöngu eru ætluð til stuðnings við eða notkunar af hálfu sendisveitar til eflingar friði í Mið-Afríku (MICOPAX), Alþjóðlegar stuðningssendisveitar undir afrískri stjórn í Mið-Afríkulýðveldinu (MISCA), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um samþætta friðaruppbyggingu í Mið-Afríkulýðveldinu (BINUCA) og varðsveitar hennar, svæðisbundinnar aðgerðasveitar Afríkusambandsins (AU-RTF) og franska liðsaflans sem sendur hefur verið á vettvangi í Mið-Afríkulýðveldinu,
- b) sölu, afhendingu, flutning eða útflutning á hlífðarfatnaði, þ.m.t. skotheldir jakkar og herhjálmar, sem starfslið SP, starfslið Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og fylgilið þeirra flytja tímabundið út til Mið-Afríkulýðveldisins til eigin nota eingöngu,
- c) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á smávopnum og tengdum hergögnum sem eingöngu eru ætluð til nota af hálfu alþjóðlegra eftirlitssveita, sem gæta öryggis á Sangha River-verndarsvæðinu sem tekur til þriggja landa, til varna gegn veiðipjófnaði, smygli á filabeini og vopnum og annarri starfsemi sem brýtur gegn landslögum í Mið-Afríkulýðveldinu eða alþjóðlegum lagalegum skuldbindingum þess.

2. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:

- a) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á óbanvænum herbúnaði, sem einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskyni, og veitingu tengdrar, tæknilegrar aðstoðar,
- b) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vopnum og öðrum tengdum, banvænum búnaði til öryggisveita Mið-Afríkúlýðveldisins, einungis til stuðnings eða nota fyrir enduruppbyggingu Mið-Afríkúlýðveldisins á sviði öryggismála,
- c) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vopnum og tengdum hergögnum og tengdri tæknilegri eða fjárhagslegri aðstoð, þ.m.t. starfsfólk,

sem nefndin, sem stofnuð var skv. 57. mgr. ályktunar öryggisráðs SP 2127 (2013), samþykkti fyrirfram.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. desember 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

L. LINKEVIČIUS

forseti.

Fvlgiskjal 2.

Ákvörðun ráðsins 2014/125/SSUÖ

frá 10. mars 2014

um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkúlýðveldinu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. desember 2013 samþykkti ráðið ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkúlýðveldinu ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 28. janúar 2014 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2134 (2014).
- 3) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2134 (2014) er þess krafist að gripið verði til aðgerða um beitingu ferðatakmarkana og frýstingu fjármuna og eigna aðila eða rekstrareininga, sem tilgreindar verða af nefndinni, sem stofnuð var skv. 57. mgr. ályktunar öryggisráðs SP 2127 (2013), í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í ályktun öryggisráðs SP nr. 2134 (2014).
- 4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2134 (2014) er vopnasölubannið, sem komið var á með ályktun öryggisráðs SP nr. 2127 (2013), einnig staðfest að nýju og framlengt. Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2134 (2014) er enn fremur ákvarðað að vopnasölubannið skuli ekki gilda um birgðir sem eru eingöngu ætlaðar til stuðnings við eða notkunar af hálfu aðgerðasveitar Evrópusambandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu (EUFOR RCA).
- 5) Auk þess er nauðsynlegt að breyta gildissviði undanþágunnar varðandi sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vopnum og tengdum hergögnum, sem eingöngu eru ætluð til stuðnings við eða notkunar af hálfu sendisveitar til eflingar friði í Mið-Afríkúlýðveldinu (MICOPAX), Alþjóðlegrar stuðnings-sendisveitar undir afrískri stjórn í Mið-Afríkúlýðveldinu (MISCA), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um samþætta friðaruppbyggingu í Mið-Afríkúlýðveldinu (BINUCA) og varðsveitar hennar, svæðisbundinnar aðgerðasveitar Afríkusambandsins (AU-RTF), franska liðsaflans sem sendur hefur verið á vettvang í Mið-Afríkúlýðveldinu og aðgerðasveitar Evrópusambandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu (EUFOR RCA), þannig að hún taki til veitingar tæknilegrar og fjárhagslegrar aðstoðar.
- 6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 7) Því ber að breyta ákvörðun 2013/798/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2013/798/SSUÖ:

1) Í stað a-liðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vopnum og tengdum hergögnum, og veitingu tengdrar tæknilegrar aðstoðar eða fjármagns og fjárhagslegrar aðstoðar, sem eingöngu eru ætluð til stuðnings við eða notkunar af hálfu sendisveitar til eflingar friði í Mið-Afríkulýðveldinu (MICOPAX), Alþjóðlegrar stuðningssendisveitar undir afrískri stjórn í Mið-Afríkulýðveldinu (MISCA), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um samþætta friðaruppbyggingu í Mið-Afríkulýðveldinu (BINUCA) og varðsveitar hennar, svæðisbundinnar aðgerðasveitar Afrikusambandsins (AU-RTF), franska liðsaflans sem sendur hefur verið á vettvang í Mið-Afríkulýðveldinu og aðgerðasveitar Evrópusambandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (EUFOR RCA).“

2) Eftirfarandi greinar eru felldar inn:

„2. gr. a

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði sín komi, eða um þau fari, aðilar, sem nefndin, sem stofnuð var skv. 57. mgr. ályktunar öryggisráðs SP 2127 (2013) („nefndin“), hefur tilgreint að taki þátt í aðgerðum eða styðji við aðgerðir sem grafa undan friði, öryggi eða stöðugleika í Mið-Afríkulýðveldinu, þ.m.t. aðgerðum sem ógna eða brjóta gegn samningum sem lúta að umbreytingum eða ógna eða koma í veg fyrir pólitískt umbreytingarferli, þ.m.t. umbreytingu í átt til frjálsra og sanngjarnra lýðræðislegra kosninga, eða sem ýta undir ofbeldi, þ.m.t. aðilar:

- a) sem brjóta gegn vopnasölubanninu, sem komið var á með 54. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2127 (2013) og 1. gr. þessarar ákvörðunar, eða sem hafa, beint eða óbeint, afhent, selt eða tilfært vopn eða tengd hergögn, eða tækniráðgjöf, þjálfun eða aðstoð, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsleg aðstoð, til vopnaðra hópa eða afbrotasamtaka í Mið-Afríkulýðveldinu, eða verið viðtakendur þessa, í tengslum við ofbeldisfulla starfsemi vopnaðra hópa eða afbrotasamtaka í Mið-Afríkulýðveldinu,
- b) sem taka þátt í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði sem brjóta í bága við alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eftir því sem við á, eða sem eru mannréttindabrot, í Mið-Afríkulýðveldinu, þ.m.t. verknaði sem fela í sér kynferðislegt ofbeldi, aðgerðir sem beinast gegn almennum borgurum, árásir á fólk á grundvelli þjóðernislegs uppruna þess eða trúar, árásir á skóla og sjúkrahús, brottmál og nauðungarflutninga,
- c) sem taka börn í þjónustu sína eða nota þau í vopnuðum átökum í Mið-Afríkulýðveldinu og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,
- d) sem láta vopnuðum hópum eða afbrotasamtökum í té stuðning með ólöglegri nýtingu náttúruauðlinda, þ.m.t. demanta, villtra lífvera og afurða af villtum lífverum, í Mið-Afríkulýðveldinu,
- e) sem hindra mannúðaraðstoð við Mið-Afríkulýðveldið eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Mið-Afríkulýðveldinu,
- f) sem taka þátt í að skipuleggja, stjórna, styrkja eða gera árásir á sendinefndir Sameinuðu þjóðanna eða alþjóðlegar öryggissveitir á staðnum, þ.m.t. skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um samþætta friðaruppbyggingu í Mið-Afríkulýðveldinu (BINUCA), alþjóðlegu stuðningssendisveitina undir afrískri stjórn í Mið-Afríkulýðveldinu (MISCA), aðgerðasveit Evrópusambandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (EUFOR RCA) og annan liðsafla sem styður þær,
- g) sem eru leiðtogar rekstrareiningar, sem nefndin hefur tilgreint, hafa veitt henni stuðning, starfað fyrir hana eða á hennar vegum eða eftir fyrirmælum hennar,

eins og þeir eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla geti farið fram.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ákvæði nefndin eftirfarandi, í hverju tilviki fyrir sig:

- a) að ferð sé réttlætunleg af mannúðarástæðum, þ.m.t. trúarlegar skyldur,
- b) að undanþága myndi stuðla að friði og þjóðarsátt í Mið-Afríkulýðveldinu og að stöðugleika á svæðinu.

5. Í þeim tilvikum, skv. 3. og 4. mgr., þar sem aðildarríki heimilar komu einstaklings, sem tilgreindur eru í listanum í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða fœr þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og viðkomandi einstakling.

2. gr. b

1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem með beinum eða óbeinum hætti er í eigu eða undir stjórn aðila eða rekstrareininga, sem nefndin hefur tilgreint að taki þátt í aðgerðum eða styðji við aðgerðir sem grafa undan friði, öryggi eða stöðugleika í Mið-Afríkulýðveldinu, þ.m.t. aðgerðum sem ógna eða brjóta gegn samningum sem lúta að umbreytingum eða ógna eða koma í veg fyrir pólitískt umbreytingarferli, þ.m.t. umbreytingu í átt til frjálsra og sanngjarnra lýðræðislegra kosninga, eða sem ýta undir ofbeldi, þ.m.t. aðila og rekstrareininga:

- a) sem brjóta gegn vopnasölubanninu, sem komið var á með 54. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2127 (2013) og 1. gr. þessarar ákvörðunar, eða sem hafa, beint eða óbeint, afhent, selt eða tilfært vopn eða tengd hergögn, eða tækniráðgjöf, þjálfun eða aðstoð, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsleg aðstoð, til vopnaðra hópa eða afbrotasamtaka í Mið-Afríkulýðveldinu, eða verið viðtakendur þessa, í tengslum við ofbeldisfulla starfsemi vopnaðra hópa eða afbrotasamtaka í Mið-Afríkulýðveldinu,
- b) sem taka þátt í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði sem brjóta í bága við alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eftir því sem við á, eða sem eru mannréttindabrot, í Mið-Afríkulýðveldinu, þ.m.t. verknaði sem fela í sér kynferðislegt ofbeldi, aðgerðir sem beinast gegn almennum borgurum, árásir á fólk á grundvelli þjóðernislegs uppruna þess eða trúar, árásir á skóla og sjúkrahús, brottmál og nauðungarflutninga,
- c) sem taka börn í þjónustu sína eða nota þau í vopnuðum átökum í Mið-Afríkulýðveldinu og brjóta þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,
- d) sem láta vopnuðum hópum eða afbrotasamtökum í té stuðning með ólöglegri nýtingu náttúruauðlinda, þ.m.t. demanta, villtra lífvera og afurða af villtum lífverum, í Mið-Afríkulýðveldinu,
- e) sem hindra mannúðaraðstoð við Mið-Afríkulýðveldið eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Mið-Afríkulýðveldinu,
- f) sem taka þátt í að skipuleggja, stjórna, styrkja eða gera árásir á sendinefndir Sameinuðu þjóðanna eða alþjóðlegar öryggisveitir á staðnum, þ.m.t. skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um samþætta friðaruppbyggingu í Mið-Afríkulýðveldinu (BINUCA), alþjóðlegu stuðningssendisveitina undir afrískri stjórn í Mið-Afríkulýðveldinu (MISCA), aðgerðasveit Evrópusambandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (EUFOR RCA) og annan liðsafla sem styður þær,
- g) sem eru leiðtogar rekstrareiningar, sem nefndin hefur tilgreint, hafa veitt henni stuðning, starfað fyrir hana eða á hennar vegum eða eftir fyrir mælum hennar,

eða aðila eða rekstrareininga sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrir mælum þeirra eða rekstrareininga sem eru í eigu eða lúta stjórn þeirra.

Þeir aðilar og rekstrareiningar sem um getur í þessari málsgrein eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. Engir fjármunir, fjáreignir eða efnahagslegur auður skulu gerð aðgengileg, með beinum eða óbeinum hætti, eða vera til hagsbóta þeim aðilum eða rekstrareiningum er um getur í 1. mgr.

3. Aðildarríki geta gert undanþágur frá þeim aðgerðum er um getur í 1. og 2. mgr. að því er varðar fjármuni og efnahagslegan auð sem eru:

- a) nauðsynleg vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja- og lækningameðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna, annarra fjáreigna og efnahagslegs auðs,

að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til nefndarinnar um þá fyrirætlun sína að heimila, þar sem það á við, aðgengi að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði, hafni nefndin því ekki innan fimm virkra daga frá tilkynningunni.

4. Aðildarríki geta einnig gert undanþágur frá þeim aðgerðum er um getur í 1. og 2. mgr. að því er varðar fjármuni og efnahagslegan auð sem eru:

- a) nauðsynleg vegna óvenjulegra útgjalda, að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til nefndarinnar og að fengnu samþykki hennar,
- b) andlag dóms-, stjórnvalds- eða gerðardómsveðs eða niðurstöðu dómstóls, stjórnvalds eða gerðardóms, þar sem kveðið er á um að nota megi fjármunina og hinn efnahagslega auð til þess að uppfylla skilyrði veðsins eða fyrrnefndrar niðurstöðu, að því tilskildu að veðið eða niðurstaðan hafi verið skráð fyrir

28. janúar 2014 og sé ekki til hagsbóta fyrir einstakling eða rekstrareiningu, er um getur í þessari grein, eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur sent nefndinni tilkynningu þessu viðvikjandi.

5. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að tilgreindur aðili eða rekstrareining geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi, sem var gerður áður en hann eða hún var færð á lista, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingur eða rekstrareining, er um getur í 1. mgr., veiti ekki fyrrnefndri greiðslu viðtöku með beinum eða óbeinum hætti og eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt nefndinni, 10 virkum dögum áður en slík heimild er veitt, um þá fyrirætlun að inna fyrrnefnda greiðslu af hendi eða veita henni viðtöku eða að heimila, eftir því sem við á, að fjármunir eða efnahagslegur auður verði affryst í þessu skyni.

6. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um viðbætur eftirtalinna fjármuna við frysta reikninga:

- a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum eða
- b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem var gengið frá eða urðu til fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu viðfang þvingunaraðgerða samkvæmt ákvörðun þessari,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.

2. gr. c

Ráðið skal ákveða listann í viðaukanum og gera breytingar á honum í samræmi við ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða nefndarinnar.

2. gr. d

1. Setji öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða nefndin aðila eða rekstrareiningu á lista skal ráðið fella slíkan aðila eða rekstrareiningu inn í viðaukann. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi aðili eða rekstrareining er færð á lista, hlutaðeigandi aðila eða rekstrareiningu, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum aðila eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Komi fram athugasemdir eða séu traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi aðila eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

2. gr. e

1. Í viðaukanum skal koma fram rökstuðningur öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða nefndarinnar fyrir því að þeir einstaklingar og rekstrareiningar sem eru á listanum voru færð á hann.

2. Í viðaukanum skulu og koma fram upplýsingar, þar sem þær liggja fyrir, sem öryggisráð SP eða nefndin láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang og hlutverk eða starf. Að því er rekstrareiningar varðar geta þessar upplýsingar m.a. verið nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í viðaukanum skal einnig koma fram hvaða dag öryggisráð SP eða nefndin tilgreindi viðkomandi.“

3) Textinn í viðauka þessarar ákvörðunar bætist við sem viðauki.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 10. mars 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

G. VROUTSIS

forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulýðveldinu (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 51).

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Listi yfir aðila er um getur í 2. gr. a og aðila og rekstrareiningar er um getur í 2. gr. b.

- A. Aðilar
- B. Rekstrareiningar.“

Fylgiskjal 3.**Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2014/382/SSUÖ****frá 23. júní 2014****um framkvæmd ákvörðunar 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afrikulýðveldinu.**

Aðilunum sem tilgeindir eru í viðauka við ákvörðun þessa skal bætt við listann sem kemur fram í viðauka við ákvörðun 2013/798/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 1. (Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

1. FRANÇOIS YANGOUVONDA BOZIZÉ**LAST NAME:** BOZIZÉ**FIRST NAME:** François Yangouvonda.**ALIAS:** Bozize Yangouvonda**DATE OF BIRTH/PLACE OF BIRTH:** 14 October 1946/Mouila, Gabon**PASSPORT/IDENTIFYING INFORMATION:** Son of Martine Kofio

DESIGNATION/JUSTIFICATION: *Engaging in or providing support for acts that undermine the peace, stability or security of the Central African Republic (CAR):* Since the coup d'état on 24 March 2013, Bozizé provided financial and material support to militiamen who are working to destabilise the ongoing transition and to bring him back to power. François Bozizé, in liaison with his supporters, encouraged the attack of 5 December 2013 on Bangui. The situation in CAR deteriorated rapidly after the 5 December 2013 attack in Bangui by anti-balaka forces that left over 700 people dead. Since then, he has continued trying to run destabilisation operations and to federate the anti-balaka militias, in order to maintain tensions in the capital of CAR. Bozizé tried to reorganise many elements from the Central African Armed Forces who dispersed into the countryside after the coup d'état. Forces loyal to Bozizé have become involved in reprisal attacks against CAR's Muslim population. Bozizé called on his militia to pursue the atrocities against the current regime and the Islamists.

2. NOURREDINE ADAM**LAST NAME:** ADAM**FIRST NAME:** Nourredine**ALIAS:** Nourredine Adam; Nureldine Adam; Nourreldine Adam; Nourreddine Adam**DATE OF BIRTH/PLACE OF BIRTH:** 1970/Ndele, CAR**Alternate dates of birth:** 1969, 1971**PASSPORT/IDENTIFYING INFORMATION:**

DESIGNATION/JUSTIFICATION: *Engaging in or providing support for acts that undermine the peace, stability or security of CAR:* Nourreddine is one of the original leaders of the Séléka. He has been identified as both a General and the President of one of the armed rebel groups of the Séléka, the Central PJCC, a group formally known as the Convention of Patriots for Justice and Peace and whose acronym is also acknowledged as CPJP. As former head of the 'Fundamental' splinter group of the Convention of Patriots for Justice and

Peace (CPJP/F), he was the military coordinator of the ex-Séléka during offensives in the former rebellion in the Central African Republic between early December 2012 and March 2013. Without Noureddine's involvement, the Séléka would likely have been unable to wrest power from former CAR President François Bozizé. Since the appointment as interim president of Catherine Samba-Panza on 20 January 2014, he was one of the main architects of the ex-Séléka's tactical withdrawal in Sibut with the aim of implementing his plan to create a Muslim stronghold in the north of the country. He had clearly urged his forces to resist the injunctions of the transitional government and of the military leaders of the African-led International Support Mission in the Central African Republic (MISCA). Noureddine actively directs ex-Séléka, the former Séléka forces that were dissolved by Djotodia in September 2013, and directs operations against Christian neighbourhoods and continues to provide significant support and direction to the ex-Séléka operating in CAR.

Involved in planning, directing, or committing acts that violate international human rights law or international humanitarian law, as applicable: After the Séléka took control of Bangui on 24 March 2013, Nourredine Adam was appointed Minister for Security, then Director General of the 'Extraordinary Committee for the Defence of Democratic Achievements' (*Comité extraordinaire de défense des acquis démocratiques* — CEDAD, a now-defunct CAR intelligence service). Nourredine Adam used the CEDAD as his personal political police, carrying out many arbitrary arrests, acts of torture and summary executions. In addition, Nourredine was one of the key figures behind the bloody operation in Boy Rabe. In August 2013, Séléka forces stormed Boy Rabe, a CAR neighbourhood regarded as a bastion of François Bozizé supporters and his ethnic group. Under the pretext of looking for arms caches, Séléka troops reportedly killed scores of civilians and went on a rampage of looting. When these raids spread to other quarters, thousands of residents invaded the international airport, which was perceived as a safe place because of the presence of French troops, and occupied its runway.

Providing support for armed groups or criminal networks through illegal exploitation of natural resources: In early 2013, Nourredine Adam played an important role in the ex-Séléka's financing networks. He travelled to Saudi Arabia, Qatar and the United Arab Emirates to collect funds for the former rebellion. He also operated as a facilitator for a Chadian diamond-trafficking ring operating between the Central African Republic and Chad.

3. LEVY YAKETE

LAST NAME: YAKETE

FIRST NAME: Levy

ALIAS: Levi Yakite; Levy Yakite

DATE OF BIRTH/PLACE OF BIRTH: 14 August 1964/Bangui, CAR

Alternate date of birth: 1965

PASSPORT/IDENTIFYING INFORMATION: Son of Pierre Yakété and Joséphine Yamazon.

DESIGNATION/JUSTIFICATION: *Engaging in or providing support for acts that undermine the peace, stability or security of CAR:* On 17 December 2013, Yakete became the political coordinator of the newly formed People's Resistance Movement for Reforming of the Central African Republic anti-balaka rebel group. He has been directly involved in decisions of a rebel group that has been involved in acts that have undermined peace, stability and security in the CAR, in particular on and since 5 December 2013. In addition, this group has been explicitly singled out by UNSC Resolutions 2127, 2134 and 2149 for such acts. Yakete has been accused of ordering the arrest of people connected to the Séléka, calling for attacks on people who do not support President Bozizé, and recruiting young militiamen to attack those hostile to the regime with machetes. Having remained in the entourage of François Bozizé after March 2013, he joined the Front for the Return to Constitutional Order in CAR (*Front pour le Retour à l'Ordre Constitutionnel en Centrafrique* — FROCCA), which aimed to return the deposed president to power by whatever means necessary. In late summer 2013, he travelled to Cameroon and Benin, where he attempted to recruit people to fight against the Séléka. In September 2013, he tried to regain control over operations led by pro-Bozizé fighters in towns and villages near to Bossangoa. Yakete is also suspected of promoting the distribution of machetes to young unemployed Christians to facilitate their attacks on Muslims.

Fylgiskjal 4.**Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 224/2014****frá 10. mars 2014****um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulýðveldinu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við ályktanir öryggisráðs SP nr. 2127 (2013) frá 5. desember 2013 og nr. 2134 (2014) frá 28. janúar 2014, er í ákvörðun 2013/798/SSUÖ, eins og henni var breytt með ákvörðun ráðsins 2014/125/SSUÖ⁽²⁾, kveðið á um vopnasölubann gegn Mið-Afríkulýðveldinu og frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinna aðila sem taka þátt í eða styðja við aðgerðir sem grafa undan friði, öryggi eða stöðugleika í Mið-Afríkulýðveldinu.
- 2) Nokkrar þeirra aðgerða sem kveðið er á um í ályktunum öryggisráðs SP nr. 2127 (2013) og nr. 2134 (2014) falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggj sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 3) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið réttinum til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og til verndar persónuupplýsingum. Beita verður ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 4) Vald til að breyta listanum í I. viðauka við reglugerð þessa ætti að vera í höndum ráðsins í ljósi þeirrar sérstöku ógnunar við frið og öryggi á alþjóðavísu á svæðinu sem ástandið í Mið-Afríkulýðveldinu skapar og til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta og endurskoða viðaukann við ákvörðun 2014/125/SSUÖ.
- 5) Verklag við breytingar á listanum í I. viðauka við reglugerð þessa ætti að fela í sér að tilkynna tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum ástæðurnar fyrir skráningu þeirra á lista, sem framkvæmdanefnd öryggisráðs SP um þvingunaraðgerðir, sem stofnuð var skv. 57. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2127 (2013), sendir frá sér, til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir eða séu ný, traust gögn lögð fram ætti ráðið að endurskoða ákvörðun sína í ljósi fyrrnefndra athugasemda og upplýsa hlutaðeigandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
- 6) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Evrópusambandsins ætti að birta nöfn þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, sem nauðsynlegt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, og aðrar upplýsingar um þá, sem máli skipta. Öll vinnsla persónuupplýsinga um einstaklinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB⁽⁴⁾.
- 7) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggj sé að þær ráðstafanir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „miðlunarþjónusta“:
 - i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, frá þriðja landi til annars þriðja lands, eða
 - ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þegar þær eða hún er staðsett í þriðja landi og færa á þær eða hana til annars þriðja lands,

- b) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem staðið er fast á henni í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og felur einkum í sér:
- i. kröfu um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
 - ii. kröfu um framlengingu á greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
 - iii. bótakröfu í tengslum við samning eða viðskipti,
 - iv. gagnkröfu,
 - v. kröfu um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með exequatur, dóms, úrskurðar gerðardóms eða jafngildrar ákvörðunar, óháð því hvar hann eða hún eru kveðin upp eða tekin,
- c) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um ræðir einn eða fleiri samninga eða ámóta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,
- d) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka,
- e) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla sér fjármuna, vöru eða þjónustu,
- f) „frysting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, m.a. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
- g) „frysting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
- h) „fjármunir“: hvers konar fjáreignir og ágóði, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
- i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstaávísanir og aðrir greiðslugerningar,
 - ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
 - iii. verðbréf og skuldaskjöl, sem verslað er með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,
 - iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - vi. kreditbréf, farmbréf, sölusamningar og
 - vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,
- i) „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“: nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót eftir ákvæðum 57. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2127 (2013),
- j) „tæknileg aðstoð“: hvers kyns tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald, eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu, án tillits til þess hvort aðstoðin er í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu þekkingar eða kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu; tæknileg aðstoð getur einnig verið munnleg,
- k) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

2. gr.

Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti:

- a) tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist þeim vörum og þeirri tækni sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins (*) (sameiginlega hergagnalistanum) eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur, sem eru á þeim lista, til handa aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í Mið-Afríkulyðveldinu eða til notkunar þar í landi,
- b) fjármagn eða fjárhagsaðstoð í tengslum við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á vörum og tækni, sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrki, lán og

útflutningsgreiðsluvátryggingar, einnig vátryggingar og endurtryggingar, viðvíkjandi sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi þess háttar hluta, eða því að veita tengda tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, til aðila, rekstrareininga eða stofnana í Mið-Afríkulýðveldinu, eða til notkunar í Mið-Afríkulýðveldinu,

- c) tæknilega aðstoð, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, miðlunarþjónustu eða flutningaþjónustu sem tengist því að útvega vopnaða málaliða í, eða til notkunar í, Mið-Afríkulýðveldinu.

3. gr.

Þrátt fyrir 2. gr. gilda bönnin, sem mælt er fyrir um í þeirri grein, ekki um veitingu tæknilegrar aðstoðar, fjármagns og fjárhagsaðstoðar eða miðlunarþjónustu, sem eingöngu eru ætluð til stuðnings við eða notkunar af hálfu sendisveitar til eflingar friði í Mið-Afríkulýðveldinu (MICOPAX), Alþjóðlegar stuðningssendisveitar undir afrískri stjórn í Mið-Afríkulýðveldinu (MISCA), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um samþætta friðaruppbyggingu í Mið-Afríkulýðveldinu (BINUCA) og varðsveitar hennar, svæðisbundinnar aðgerðasveitar Afrikusambandsins (AU-RTF), franska liðsaflans sem sendur hefur verið á vettvang í Mið-Afríkulýðveldinu og aðgerðasveitar Evrópusambandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (EUFOR RCA).

4. gr.

Þrátt fyrir 2. gr. og að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi samþykkt fyrirfram veitingu slíkrar tæknilegrar aðstoðar eða miðlunarþjónustu, fjármagns eða fjárhagsaðstoðar, gilda bönnin, sem mælt er fyrir um í þeirri grein, ekki um veitingu:

- a) tæknilegrar aðstoðar eða miðlunarþjónustu sem tengist herbúnaði sem ekki er banvænn og einungis er ætlaður í mannúðar- eða verndarskyni,
- b) tæknilegrar aðstoðar, fjármagns eða fjárhagsaðstoðar vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings á vörum og tækni sem eru á sameiginlega hergagnalistanum eða veitingu neinnar tengdrar, tæknilegrar aðstoðar eða miðlunarþjónustu.

5. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skulu gerð aðgengileg, með beinum eða óbeinum hætti, eða vera til hagsbóta þeim einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem tilgreind eru í I. viðauka.

3. Ákvæði I. viðauka skulu taka til einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint:

- a) að taki þátt í aðgerðum eða styðji við aðgerðir sem grafa undan friði, öryggi eða stöðugleika í Mið-Afríkulýðveldinu, þ.m.t. aðgerðum sem ógna eða brjóta gegn samningum sem lúta að umbreytingum eða ógna eða koma í veg fyrir pólitískt umbreytingarferli, þ.m.t. umbreytingu í átt til fjálsra og sanngjarnra lýðræðislegra kosninga, eða sem ýta undir ofbeldi,
- b) að brjóti gegn vopnasölubanninu, sem komið var á með 54. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2127 (2013), eða hafi, beint eða óbeint, afhent, selt eða tilfært vopn eða tengd hergögn, eða tækniráðgjöf, þjálfun eða aðstoð, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð, til vopnaðra hópa eða afbrotasamtaka í Mið-Afríkulýðveldinu, eða verið viðtakendur þessa, í tengslum við ofbeldisfulla starfsemi vopnaðra hópa eða afbrotasamtaka í Mið-Afríkulýðveldinu,
- c) að taki þátt í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði, sem brjóta í bága við alþjóðleg mannréttindalög eða alþjóðlegan mannúðarrétt, eftir því sem við á, eða sem eru mannréttindabrot, í Mið-Afríkulýðveldinu, þ.m.t. verknaði sem fela í sér kynferðislegt ofbeldi, aðgerðir sem beinast gegn almennum borgurum, árásir á fólk á grundvelli þjóðernislegs uppruna þess eða trúar, árásir á skóla og sjúkrahús, brottmám og nauðungarflutninga,
- d) að taki börn í þjónustu sína eða noti þau í vopnuðum átökum í Mið-Afríkulýðveldinu og brjóti þannig gegn gildandi reglum þjóðaréttar,
- e) að láti vopnuðum hópum eða afbrotasamtökum í té stuðning með ólöglegri nýtingu náttúruauðlinda, þ.m.t. demanta, villtra lífvera og afurða af villtum lífverum, í Mið-Afríkulýðveldinu,
- f) að hindri mannúðaraðstoð við Mið-Afríkulýðveldið eða aðgang að mannúðaraðstoð eða úthlutun hennar í Mið-Afríkulýðveldinu,
- g) að taki þátt í að skipuleggja, stjórna, styrkja eða gera árásir á sendinefndir Sameinuðu þjóðanna eða alþjóðlegar öryggissveitir á staðnum, þ.m.t. skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um samþætta friðaruppbyggingu í Mið-Afríkulýðveldinu (BINUCA), alþjóðlegu stuðningssendisveitina undir afrískri

stjórn í Mið-Afríkúlýðveldinu (MISCA), aðgerðasveit Evrópusambandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu (EUFOR RCA) og annan liðsafla sem styður þær,

- h) að séu leiðtogar rekstrareiningar, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint, hafi veitt henni stuðning, starfað fyrir hana eða á hennar vegum eða eftir fyrirætlunum hennar,
- i) að starfi á vegum eða undir stjórn aðila, rekstrareininga eða stofnana, sem taldar eru upp í a- til h-lið, eða rekstrareininga í eigu eða undir stjórn þeirra.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) viðkomandi lögbært stjórnvald hafi komist að þeirri niðurstöðu að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:
 - i. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem taldar eru upp í I. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknismeðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
 - ii. einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðipóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðipjónustu eða
 - iii. eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs og
- b) hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um niðurstöðuna sem um getur í a-lið og þá fyrirætlun sína að veita heimild og að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki andmælt þeirri tilhögun innan fimm virkra daga frá tilkynningu þar um.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, hafi lögbæra stjórnvaldið tekið ákvörðun um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda og að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá ákvörðun og að hún hafi verið samþykkt af nefndinni.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) þeir fjármunir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir sé andlag dóms-, stjórnvalds- eða gerðardómsveðs, sem stofnaðist fyrir þann dag þegar sá aðili, rekstrareining eða stofnun er um getur í 5. gr. var færð á lista í I. viðauka, eða andlag niðurstöðu dómstóls, stjórnvalds eða gerðardóms fyrir þann dag,
- b) fjármunirnir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að eru gildar samkvæmt fyrrnefndum dómi eða úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- c) veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er tilgreind í listunum í I. viðauka,
- d) viðurkenning veðsins, dómsuppkvaðningarinnar eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki og
- e) aðildarríkið hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið, dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð í I. viðauka, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin hafði verið tilgreindur af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir, geta lögbær stjórnvöld í

aðildarríkjunum heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi komist að raun um:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður skuli notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð í I. viðauka og
- b) greiðslan sé ekki brot á ákvæði 2. mgr. 5. gr. og
- c) hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun að veita heimild 10 virkum dögum fyrirfram.

10. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem eru á skrá í I. viðauka, færi þá sem tekjur inn á frysta reikninga, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er innfært sé einnig fryst. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um þess háttar viðskipti án tafar.

2. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. gilda ekki um viðbætur eftirtalinna fjármuna við frysta reikninga:

- a) vaxta eða annarra tekna af fyrrnefndum reikningum,
- b) greiðslna samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 5. gr., var færð á lista í I. viðauka eða
- c) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt dóms-, stjórnýslu- eða gerðardómsveði eða dómsuppkvaðningu eða úrskurði stjórnýslustofnunar eða gerðardóms eins og um getur í 8. gr., og að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. mgr. 5. gr.

11. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, með fyrirvara um gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnaðarkvöð og þagnarskyldu:

- a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingum um reikninga og fjárhæðir, sem eru fryst skv. 5. gr., til viðkomandi lögbærra stjórnvalda í því aðildarríki þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar millilíðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins og
- b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þessar upplýsingar.

2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.

3. Allar upplýsingar, sem eru láttnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.

12. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þær aðgerðir, er um getur í 2. og 5. gr., eru sniðgengnar.

13. gr.

1. Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, í góðri trú, á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar eða stofnanir sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða hlutaðeigandi stjórnendur eða starfsmenn ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn sem sett eru í þessari reglugerð.

14. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum sem aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á að því er framkvæmd þeirra varðar, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skadleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. kröfur um skuldajöfnuð eða

kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skráðar eru í I. viðauka,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað eftir ákvæðum 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

15. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar:

- a) um frysta fjármuni skv. 5. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 6., 7. og 8. gr.,
- b) um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

16. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

17. gr.

1. Skrái öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á lista og leggur fram greinargerð um ástæður þess að viðkomandi er skráður á listann skal ráðið fella slíkan einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í I. viðauka. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína og leggja fram greinargerð um ástæður þess að viðkomandi er skráður á lista til hlutaðeigandi einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

3. Ákveði Sameinuðu þjóðirnar að taka aðila, rekstrareiningu eða stofnun af lista eða breyta gögnum, þar sem borin eru kennsl á aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem hefur verið færð á lista, skal ráðið gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

18. gr.

Í I. viðauka skulu koma fram upplýsingar, liggi þær fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. viðauka skal einnig koma fram hvaða dag öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reglurnar, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar á þeim sem kunna að verða gerðar síðar.

20. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru talin upp í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt reglugerð þessari, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í II. viðauka.

21. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirlýðingum Evrópusambandsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yfirlýðingavæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfirlýðingavæðis Evrópusambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

22. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

G. VROUTSIS

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 51.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/125/SSUÖ frá 10. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Mið-Afríkulýðveldinu (Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 22).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB C 69, 18.3.2010, bls. 19.

I. VIÐAUKI

Listi yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í 5. gr.

- A. Persons
- B. Entities

II. VIÐAUKI

Vefsetur fyrir upplýsingar um lögbær stjórnvöld og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Fylgiskjal 5.

Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 691/2014

frá 23. júní 2014

um framkvæmd 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 224/2014 frá 10. mars 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu.

Aðilunum sem tilgeindir eru í viðauka við framkvæmdarreglugerð þessa skal bætt við listann sem kemur fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 224/2014, sbr fylgiskjal 4. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við framkvæmdarákvörðun ráðsins 2014/382/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 3.